


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða af	<b>Heilbrigðisfræði (HBFR1ÉG02S)</b>	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>

### Námshöggn:

Ýmis hefti, verkefni, ljósrit og myndefni frá kennurum. Einnig verða vefsíður, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar notaðir.

### Áætlun um yfirferð:

Önninni er skipt í 4 lotur:

1. Sjálfsmýndin: Sjálfsvitund, samskipti, gagnrýnin hugsun
2. Heilbrigði og velferð: Geðheilbrigði, kynheilbrigði,
3. Nútímasamfélag: Neysla, samfélagsmiðlar, upplýsingasamfélag,
4. Réttindi og skyldur: Jafnrétti, mannréttindi og sjálfbærni.

### Námsmat og vægi námsþátta:


Matsform		Símat
Námsþættir	Lýsing á námsþáttum	Vægi
Vinnubók	Öll verkefni annarinnar skilað í möppu.	30%
Verkefni tengt lotu 1		10%
Verkefni tengt lotu 2		10%
Verkefni tengt lotu 3		10%
Verkefni tengt lotu 4		10%
Munnlegt próf		20%
Virkni og ástundun	Þátttaka nemenda í tímum	10%
Sjálfsmat	Nemendur meta eigin framistöðu í áfanganum með rökstuðningi.	

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 14.02.2019

Sigrun Jónsdóttir  
Undirritun kennara

Brynndis Inda St.  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>Heilbrigðisfræði (HBFR1ÉG02S)</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða af		

<b>Nafn kennara:</b>	Sigrún Fanney Sigmarsdóttir Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir	<b>Sk.stöfun:</b>	SFS VAL
----------------------	---	-------------------	------------

### Áfangalýsing:

Áfanginn byggist upp á sex stöðum menntunar eins og þær koma fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla; læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Fjallað verður um hugtök á borð við sjálfsmynd og sjálfsvitund, samskipti, samskiptamiðla, forvarnir, lífstíl, geðheilbrigði, fjölmenningu, víðsýni, jafnrétti kynjanna, ábyrgð okkar í samfélaginu, menningu og listir. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og mikilvæði þess að taka þátt í samfélagi og þeirri umræðu sem fer þar fram.

### Markmið:

*Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- Jafnréttishugtakinu í víðum skilningi s.s. út frá búsetu, kynþætti, fötlun, trúarbrögðum, aldri, kynhegðun o.s.frv.
- Hvað þýðir að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi og mikilvægi þess að vera þátttakandi í að skapa fordómalaust samfélag.
- Áhrifum jafnréttisbaráttunnar, stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú.
- Mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér s.s. með almennri umhirðu líkamans, líkamsþjálfun, næringu og geðrækt.
- Áhrifum góðrar sjálfsmyndar á eigið geðheilbrigði.
- Sjálfum sér sem kynveru og ábyrgðinni sem því fylgir.

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- Lifa heilbrigðu lífi á eigin forsendum.
- Skilja eigin þarfir, muninn á réttu og röngu og geta tekið ákvarðanir í samræmi við það.
- Gagnrýnni hugsun og merkingu hennar fyrir einstaklinginn.
- Átta sig á að til eru mismunandi leiðir í samskiptum og samstarfi.

*Nemandi skal geta hagnýtt þá almenni þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- Beita gagnrýnni hugsun s.s. með læsi í ýmsa miðla eins og fjölmiðla og netsamfélagið.
- Eiga í félagslegum samskiptum og tala um tilfinningar sínar og reynslu.
- Átta sig á að allir eru misjafnir og það verður að virða hvern og einn fyrir það sem hann er/stendur fyrir.